

Fimmtudaginn 21. mars 1996.

Nr. 503/1994.

**Höskuldur Einarsson og
Vátryggingafélag Íslands hf.**

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Erlendi Einarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Meðdómendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein og Garðar Gíslason og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1994. Þeir krefjast þess að verða einungis gert að greiða stefnda 650.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 3. júní 1990 til greiðsludags, en til vara, að kröfur stefnda verði lækkaðar verulega. Jafnframt krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefur stefndi áfrýjendur um miska- og örorkubætur vegna meiðsla, er hann hlaut í bifhjólaslysi 3. júní 1990. Stefndi hafði lent í öðru umferðarslysi í desember 1986 og skaddast á báðum fótum og haft óþægindi eftir það í vinstra hné. Deila aðilar annars vegar um það, hvort stefndi hafi í slysinu 3. júní 1990 hlotið varanlegt mein í vinstra hné eða hvort það megi rekja til fyrra slyssins. Hins vegar greinir aðila á um það, hversu mikil varanleg örorka stefnda skuli teljast. Stefán Bogason læknir mat varanlega örorku stefnda 15%, en dómkvaddur matsmaður, Jóhann Tómasson læknir, taldi enga varanlega örorku hafa hlotist af hinu síðara slysi. Málinu var skotið til Læknaráðs, sem taldi stefnda hafa hlotið 10% varanlega örorku af völdum þessa slyss. Áfrýjendur reisa kröfur sínar á álit Jóhanns Tómassonar, en stefndi á álit Læknaráðs.

Lögmaður stefnda hefur lagt fyrir Hæstarétt afrit bréfa til Læknaráðs 18. apríl 1995 og 2. október sama ár, þar sem upplýsinga er ósk-

að um það, hvort læknum þeim, sem gert höfðu örorkumat í málinu, hefði verið gefinn kostur á að rökstyðja mál sitt nánar, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 14/1942 um Læknaráð. Engin svör bárust við fyrirspurnum þessum.

Í máli þessu deila aðilar um læknisfræðilegt álitaefni, sem virðist vera það, hvort liðþófi í vinstra hné stefnda hafi rifnað í slysinu 3. júní 1990 eða hvort rifa hafi verið á honum af völdum slyssins árið 1986. Bera þeir fyrir sig andstæðar skoðanir lækna um þetta álitaefni og vísa til röksemda þeirra. Við svo búið var brýnt, að héraðsdómari kveddi til sérfróða meðdómsmenn til þess að leggja mat á læknisfræðilegar álitsgerðir og dæma málið með sér, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þar sem málið hefur ekki sætt slíkri meðferð, þykir ekki verða hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði frá og með aðalmeðferð 5. september 1994 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með aðalmeðferð 5. september 1994 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
